

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-95/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á gírkassa bifreiðarinnar xx-000 en bifreiðin er innflutt og þjónustuð af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að gagnaðili beri að fullu kostnaðinn við að skipta um gírkassa bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 26. nóvember. Með bréfi, dags. 28. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 7. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að hjól í mismunadrifi bifreiðarinnar sé ónýtt. Segir álitsbeiðandi að seljandi vilji meina að sökum þessa sé ekki sé hægt að laga gírkassa bifreiðarinnar og að nýr gírkassi kosti kr. 600.000. Þetta þykir álitsbeiðanda afar sérstakt enda sé um að ræða bifreið sem einungis hafi verið ekið um 80.000 km., hún sé í eigu fólks á fimmtugsaldri og hafi alltaf verið þjónustuð af umboðinu.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi taki ábyrgð á gírkassanum og greiði fyrir kostnað við að setja nýjan gírkassa í bifreiðina. Kveðst álitsbeiðandi hafa heyrt margar sögur um að seljandi krefji viðskiptavini sína um greiðslu vegna viðgerða á göllum sem framleiðandi hefur viðurkennt, eftir að bifreiðin er komin úr ábyrgð seljanda. Þetta telur álitsbeiðandi óeðlilegt, þar eð framleiðandi greiði kostnað af slíkum viðgerðum. Í álitsbeiðni kemur ekki fram hvernig eignarhaldi álitsbeiðanda á bifreiðinni kom til. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru myndir af tannhjólum, að því virðist úr gírkassa bifreiðarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að álitsbeiðandi geri þá kröfu að seljandi greiði fyrir viðgerð á gírkassa umræddrar bifreiðar. Umrædd bifreið sé af gerðinni Volkswagen Passat, fyrst skráð 2. ágúst 2005 og hafi hún verið seld með tveggja ára verksmiðjuábyrgð. Bendir seljandi á að álitsbeiðandi sé hvorki skráður eigandi né umráðamaður bifreiðarinnar.

Kveðst seljandi ekki hafa neinar upplýsingar um viðhald bifreiðarinnar á árinu 2007 og aðeins fylgi kröfu álitsbeiðanda myndir af tannhjólum úr umræddum gírkassa. Á myndunum megi sjá að brotnað hefur upp úr tannhjólum. Segir seljandi að erfitt sé að fullyrða út frá myndunum hver orsök þess sé að brotnað hefur upp úr tannhjólunum en reynsla seljanda sé sú að slíkt gerist yfirleitt ekki nema vegna yfirálags eða aðskotahluta. Þegar yfirálag á gírkössum af umræddri gerð á sér stað brotni eða kvarnist oft, fyrst úr mismunadrifinu og í framhaldinu geti brotið skemmt út frá sér, tennur, legur o.fl. Nokkrir

mánuðir geti liðið frá yfirálagi og þar til bilunar verði vart. Ekki sé ólíklegt að slíkt hafi gerst í umræddu tilviki.

Að þessu virtu telur seljandi að ábyrgð sín vegna galla á bifreiðinni hafi verið útrunnin þegar bilunin fannst og því sé kröfu um viðgerð, eiganda að kostnaðarlausu, hafnað.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Fram kemur í andsvörum seljanda að álitsbeiðandi er hvorki skráður eigandi né umráðamaður þeirrar bifreiðar sem deilt er um. Er þessi fullyrðing seljanda rétt. Skráður eigandi bifreiðarinnar er raunar Z, faðir álitsbeiðanda. Hafði kærunefndin samband við álitsbeiðanda og fékk staðfest að hann hefði óskað eftir álitum kærunefndarinnar fyrir hönd föður síns. Er því, að mati kærunefndarinnar, ekkert sem stendur í vegi þess að nefndin leysi efnislega úr ágreiningu aðila.

Í VI. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Kemur fram í 27. gr. að neytandi þarf að tilkynna um gallann innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem löggin tiltaka. Í 2. mgr. 27. gr laganna segir m.a.:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestur skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Fram er komið að bifreið sú er deilt er um er af gerðinni Volkswagen Passat, fyrst skráð 2. ágúst 2005, ekin 80.000 km. Var bifreiðin því rúmlega sjö ára þegar álitsbeiðandi leitaði eftir álitum kærunefndarinnar og gerði kröfu á hendur seljanda, en ekki verður ráðið af gögnum máls að hann hafi borið fyrir sig galla á fyrra tímamarki. Með vísan til 27. gr. laga um neytendakaup getur álitsbeiðandi því ekki borið gallann fyrir sig, þar sem kvörtunarfrestur samkvæmt ákvæðinu er liðinn. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir